

Yfirferð tilboða vegna útboðs á skóla- og frístundaakstri fyrir Hafnarfjarðarbæ vegna áraanna 2020 – 2024.

Opnun tilboða fór fram fimmtudaginn 18. Júní 2020 og eftirfarandi tilboð bárust:

- | | |
|---------------------------|-----------|
| 1. Teitur Jónasson ehf. | 441.500,- |
| 2. Hópbíla hf. | 273.625,- |
| 3. Hópfærðamiðstöðin ehf. | 430.000,- |
| 4. SBA Norðurleið | 386.890,- |
| 5. Kostnaðaráætlun | 330.000,- |

Útreikningar á tilboðsblöðum eru í fullu samræmi við upplestur á opnunarfundi þannig að framantaldar upphæðir eru óbreyttar eftir yfirferð tilboða.

Tilboðsupphæð er samsett tala sem hefur þann tilgang að hægt sé að gera samanburð á milli tilboða með einni tölu. Talan inniheldur öll einingaverð og er vægi þeirra talið lýsandi fyrir notkun í heildarsamningi. Vegna ákvæða um breytileika umfangs þjónustunnar var ekki talið rétt að setja fram heildarmagnatölur á tilboðsblaði.

Kostnaðaráætlun byggir á fyrri samningi, sem var gerður í lok árs 2015, að teknu tilliti til verðlagsbreytinga. Hópbílar hf. eiga lægsta tilboðið og eru að bjóða sömu krónutölu og þeir buðu í lok árs 2015. Verði samið við Hópbíla hf. er ávinningur Hafnarfjarðarbæjar, m.v. núverandi samning, lækkun á kostnaði sem nemur samningsbundnum hækkunum frá árinu 2015.

Í útboðsgögnum voru gerðar eftirfarandi lágmarkskröfur til gildi tilboða:

1. Bjóðandi hefur rétt og sannarlega fyllt út tilboðsblað.
2. Bjóðandi er með vottað öryggisstjórnunarkerfi samkvæmt ISO 45001 eða sambærilegum staðli eða getur sýnt fram á að unnið er að vottun kerfis m.v. að vottun fáiast fyrir árslok 2020.
3. Bjóðand er með vottað umhverfisstjórnunarkerfi samkvæmt ISO 14001 eða sambærilegum staðli eða getur sýnt fram á að unnið er að vottun kerfis m.v. að vottun fáiast fyrir árslok 2020.
4. Bjóðandi rekur hópferðarþjónustu samkvæmt íslenskum lögum og hefur öll tilskilin leyfi og vottorð til slíkrar starfsemi.
5. Bjóðandi hefur a.m.k. þrjú ára samfellda reynslu á síðastliðnum fimm árum af sambærilegri akstursþjónustu og hér um ræðir í tengslum við leyfisbundna fólksflutninga, sbr. kröfur laga nr. 73/2001 um fólks- og farmflutninga ásamt reglugerð nr. 528/2002 um fólksflutninga á landi og laga nr. 28/2017 um farþegaflutninga og farmflutninga á landi ásamt reglugerð nr. 474/2017. Með sambærilegri akstursþjónustu er átt við akstur hópferðabíreiða, þar sem umsjón og rekstur akstursþjónustunnar byggir á fyrirfram skilgreindri tímatöflu, ásamt því að þjónustan innifelur regluleg samskipti og samráð við kaupanda með sambærilegum hætti og þau eru skilgreind í þessum útboðsgögnum. Við mat kaupanda á reynslu bjóðanda samkvæmt þessu ákvæði er kaupanda heimilt að taka tillit til reynslu eigenda, stjórnenda, lykilstarfsmanna, undirverktaka og sérstakra ráðgjafa bjóðanda af sambærilegum þjónustuverkefnum og leggja slíka reynslu að jöfnu við reynslu bjóðandans sjálfs, þótt reynsla viðkomandi aðila hafi áunnist í öðru fyrirtæki en hjá bjóðanda.

Hópbílar hf. leggja eftirfarandi gögn fram með tilboði sínu:

1. Tilboðsblað:
 - a. Tilboðsblað er fyllt út í samræmi við kröfur útboðslýsingar og útreikningar á tilboðsblaði eru réttir.
2. Öryggisstjórnunarkerfi:
 - a. Lögð er fram Umhverfis- og öryggisskýrsla fyrir árið 2019 þar sem kemur fram að fyrirtækið rekur vottað öryggisstjórnunarkerfi samkvæmt staðlinum OHSAS 18001. Í afriti af tölvupósti

frá Vottun hf. dags 13. desember 2019 kemur fram að síðast viðhaldsúttekt vegna öryggisstjórnunarkerfis m.t.t. OHSAS 18001 hafi farið fram í júlí 2019 og að fyrirtækið hafi staðist hana. Staðallinn OHSAS 18001 er einn af forverum staðalsins ISO 45001 og telst því sambærilegur.

3. Umhverfisstjórnunarkerfi:
 - a. Lögð er fram Umhverfis- og öryggisskýrsla fyrir árið 2019 þar sem kemur fram að fyrirtækið rekur vottað umhverfisstjórnunarkerfi samkvæmt staðlinum ISO 14001. Í afriti af tölvupósti frá Vottun hf. dags 13. desember 2019 kemur fram að síðast viðhaldsúttekt vegna umhverfisstjórnunarkerfis m.t.t. ISO 14001 hafi farið fram í júlí 2019 og að fyrirtækið hafi staðist hana.
4. Hópfærðþjónusta, tilskilin leyfi:
 - a. Staðfestingu frá Samgöngustofu um „Almennt rekstrarleyfi til fólksflutninga samkvæmt lögum nr. 28/2017“.
 - b. Staðfestingu frá Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis um leyfi til að starfrækja „Bifreiða- og vélaverkstæði“.
5. Þriggja ára samfeld reynsla á s.l. fimm árum:
 - a. Akstur fatlaðar á höfuðborgarsvæðinu frá janúar 2015 til 2020. Verkkaupi Strætó BS.
 - b. Skólaakstur í Hafnarfirði frá 1996 til 2020. Verkkaupi Hafnarfjarðarbær.
 - c. Akstur starfsmanna Rio Tinto Alcan frá 1999 til 2020. Verkkaupi Rio Tinto Alcan.
 - d. Akstur almenningsvagna frá 2012 til 2020. Verkkaupi SASS.
 - e. Akstur almenningsvagna frá 2012 til 2020. Verkkaupi SSV.

Niðurstaða yfirferðar á tilboði Hóbíla hf.:

Tilboðsupphæð staðfest: 273.625,-.

Tilboð er gilt að því gefnu að útskýring á stöðu vottunar á öryggis- og umhverfisstjórnunarkerfum sé í samræmi við kröfur útboðsgagna. Í gögnum sem fylgja tilboði kemur fram að viðhaldsúttektir Vottunar hf. fari fram tvisvar á ári en síðasta úttekt sem vísað er til er frá í júlí 2019. Einnig þarf að sannreyna að upplýsingar um reynslu séu í samræmi við kröfur útboðsgagna ef verkkaupa skortir þekkingu á þeim samningum sem vísað er til.

SBA Norðurleið hf. leggur eftirfarandi gögn fram með tilboði sínu:

1. Tilboðsblað:
 - a. Tilboðsblað er fyllt út í samræmi við kröfur útboðslýsingar og útreikningar á tilboðsblaði eru réttir.
2. Öryggisstjórnunarkerfi:
 - a. Fjallað um að fyrirtækið er með Trackwell flotastýringarkerfi í öllum bílum en hvergi vísað til öryggisstjórnunarkerfis sem uppfyllir sambærilegar kröfur og settar eru fram í ISO 45001.
3. Umhverfisstjórnunarkerfi:
 - a. Kynnt að fyrirtækið sé með Bronz vottun í Vakanum en hvergi vísað til umhverfisstjórnunarkerfis sem uppfyllir sambærilegar kröfur og settar eru fram í ISO 14001.
4. Hópfærðþjónusta, tilskilin leyfi:
 - a. Staðfestingu frá Samgöngustofu um „Almennt rekstrarleyfi til fólksflutninga samkvæmt lögum nr. 28/2017“.
5. Þriggja ára samfeld reynsla á s.l. fimm árum:
 - a. Skólaakstur fyrir grunnskóla Akureyrarbæjar – samningstími: s.l. 20 ár.
 - b. Skólaakstur fyrir Hrafnagilsskóla - samningstími: s.l. 14 ár.
 - c. Skólaakstur fyrir Valsárskóla - samningstími: síðustu ár.
 - d. Skólaakstur fyrir Þelamerkurskóla - samningstími: s.l. 14 ár.
 - e. Skólaakstur fyrir Hjallastefnuna í Hafnarfirði og Garðabæ – samningstími: síðustu ár.
 - f. Rammamningur um vettvangsferðir fyrir Reykjavíkurborg nemenda í grunn- leik-, vinnuskóla og frístundastarfi - samningstími: síðustu ár.

Niðurstaða yfirferðar á tilboði frá SBA Norðurleið hf.:

Tilboðsupphæð er staðfest: 386.890,-

Öll gögn sem fylgja tilboðinu gefa til kynna að tilboðið uppfylli kröfur útboðsgagna að frátöldum gögnum er varða öryggis- og umhverfisstjórnunarkerfi. Engin gögn fylgja tilboðinu sem gefa ekki til kynna að fyrirtækið reki öryggis- og umhverfisstjórnunarkerfi sem eru vottuð samkvæmt ISO 45001 og ISO 14001 eða sambærilegum stöðlum.

Tilboðið telst ógilt þar sem engar vísbendingar eru í gögnunum sem fylgja tilboðinu um að fyrirtækið muni sækjast eftir vottunum á öryggis- og umhverfisstjórnunarkerfi samkvæmt ISO 45001 og ISO 14001 eða sambærilegum stöðlum á þessu ári.

Hópfæðamiðstöðin ehf. leggur eftirfarandi gögn fram með tilboði sínu:

1. Tilboðsblað:
 - a. Tilboðsblað er fyllt út í samræmi við kröfur útboðslýsingar og útreikningar á tilboðsblaði eru réttir.
2. Öryggisstjórnunarkerfi:
 - a. Unnið er að því að fá öryggisstjórnunarkerfi fyrirtækisins vottað samkv. ISO 45001 á árinu 2020. Ráðgjafi við þá vinnu er verkfræðistofan Mannvit og væntanlegur vottunaraðila er BSI á Íslandi ehf.
3. Umhverfisstjórnunarkerfi:
 - a. Unnið er að því að fá umhverfisstjórnunarkerfi fyrirtækisins vottað samkv. ISO 14001 á árinu 2020. Ráðgjafi við þá vinnu er verkfræðistofan Mannvit og væntanlegur vottunaraðila er BSI á Íslandi ehf.
4. Hópfæðamiðstöðin ehf., tilskilin leyfi:
 - a. Staðfestingu frá Samgöngustofu um „Almennt rekstrarleyfi til fólksflutninga samkvæmt lögum nr. 28/2017“.
5. Þriggja ára samfeld reynsla á s.l. fimm árum:
 - a. Skólaakstur fyrir grunnskóla Reykjavíkur – samningstími: s.l. 23 ár.

Niðurstaða yfirferðar á tilboði frá Hópfæðamiðstöðin ehf.:

Tilboðsupphæð er staðfest: 430.000,-

Tilboðið er gilt að fenginni staðfestingu frá BSI á Íslandi um að áætlanir geri ráð fyrir að öryggis- og umhverfisstjórnunarkerfi fyrirtækisins fái vottuð á þessu ári. Einnig þarf að sannreyna að upplýsingar um reynslu séu í samræmi við kröfur útboðsgagna ef verkkaupa skortir þekkingu á þeim samningum sem vísað er til.

Teitur Jónasson ehf. leggur eftirfarandi gögn fram með tilboði sínu:

1. Tilboðsblað:
 - a. Tilboðsblað er fyllt út í samræmi við kröfur útboðslýsingar og útreikningar á tilboðsblaði eru réttir.
2. Öryggisstjórnunarkerfi:
 - a. Unnið er að því að fá öryggisstjórnunarkerfi fyrirtækisins vottað samkv. ISO 45001 á árinu 2020. Væntanlegur vottunaraðila er BSI á Íslandi ehf.
3. Umhverfisstjórnunarkerfi:
 - a. Unnið er að því að fá umhverfisstjórnunarkerfi fyrirtækisins vottað samkv. ISO 14001 á árinu 2020. Væntanlegur vottunaraðila er BSI á Íslandi ehf.
4. Hópfæðamiðstöðin ehf., tilskilin leyfi:
 - a. Staðfestingu frá Samgöngustofu um „Almennt rekstrarleyfi til fólksflutninga samkvæmt lögum nr. 28/2017“.

5. Þriggja ára samfeld reynsla á s.l. fimm árum:
 - a. Akstur aldraðara og fatlaðra á vegum Sunnuhlíðar frá 1991.
 - b. Áætlunarferðir í Bláfjöll frá 1975 og sér nú um allan áætlunarakstur fyrir ÍTR frá Mjódd í Bláfjöll.
 - c. Skólaakstur fyrir Waldorf í lækjabotnum 2014-2020.
 - d. Skólaakstur fyrir Kópavog 1991 til 2020.
 - e. Skólaakstur fyrir Mosfellsbæ 2017 til 2020.

Niðurstaða yfirferðar á tilboði frá Teiti Jónassyni ehf.:

Tilboðsupphæð er staðfest: 441.500,-

Tilboðið er gilt að fenginni staðfestingu frá BSI á Íslandi um að áætlanir geri ráð fyrir að öryggis- og umhverfisstjórnunarkerfi fyrirtækisins fáist vottuð á þessu ári. Einnig þarf að sannreyna að upplýsingar um reynslu séu í samræmi við kröfur útboðsgagna ef verkkaupa skortir þekkingu á þeim samningum sem vísað er til.

Heildarniðurstaða:

Tilboð frá SBA Norðurleið telst ógilt af því ekki er gefið til kynna að sóst verði eftir utanaðkomandi vottun á öryggis- og umhverfisstjórnunarkerfi fyrirtækisins í samræm við staðlana ISO 45001 og IS 14001 eða sambærilega staðla.

Tilboð frá Hópbílum hf., Hóperðamiðstöðinni ehf. og Teiti Jónassyni ehf. teljast gilt með fyrirvara um að það sem sett er fram um öryggis- og umhverfisstjórnunarkerfi og um reynslu sé sannreynt. Tilboð Hópbíla hf. er hagstæðast af þessum þremur.

22.6.2020

Hálfdan Þórir Markússon.